

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um holræsagjöld í Kópavogi nr. 347 6. nóvember 1974.****1. gr.**

1. gr. orðist svo:

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Kópavogi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefir verið lagt í, eða hefir tengt hús sitt holræsakerfi bæjarins, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Kópavogs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,375% af fasteignamatí húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægri, en svarar kr. 13.50 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 9.50 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 17.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 850.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum.

Þó skal aldrei reikna holræsagjöld af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Holræsagjaldið er miðað við byggingavísitölu 119 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkanir samkvæmt þessari málsgrein mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.*Skúli Sigurðsson.*

Nr. 71.

20. janúar 1977.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um holræsagerð í Mosfellshreppi nr. 159 10. ágúst 1960.****1. gr.**

3. gr. orðist svo:

Kostnaður við holræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til þess að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús að, eða í námunda við götu veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðalræsi, er nemur 0,2% af fasteignamatí hússins, en þó ekki lægra en kr. 750.00 miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 375.00 fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina.

Nú eru hús sambyggð, en aðskilin með brunagöflum og telst þá sérstakt hús sá hluti sem er á milli brunagafla. Ef fleiri íbúðir en ein eru í húsi og íbúðir séreign, skal heildarupphæð tengigjaldsins skiptast milli eigenda íbúðanna hlutfallslega, eftir tölu íbúðanna sem þeir eiga.